

Vinumarkaðsrannsókn

Ágæti viðtakandi.

Hagstofa Íslands rannsakar reglulega vinnumarkaðinn til að fá áreiðanlegar upplýsingar um störf fólks, vinnutíma, atvinnuleit, menntun o.fl. Þú hefur nú lent í hópi 4.000 manna sem valdir hafa verið af handahófi úr þjóðskrá til að taka þátt í þessari rannsókn. Starfsmaður Hagstofunnar mun af þessu tilefni hringja í þig á næstu dögum og bera upp nokkrar spurningar um atvinnu þína og störf. Viðtalið tekur fáeinar mínútur og við hér á Hagstofunni værum þér afar þakklát ef þú vildir taka þátt í rannsókninni.

Þessi rannsókn nær ekki aðeins til fólks sem er í vinnu. Hún nær líka til þeirra sem eru heimavinnandi eða eru ekki í launuðum störfum svo sem vegna náms, veikinda eða af öðrum ástæðum.

Fyllsta trúnaðar er gætt við úrvinnslu og meðferð upplýsinga. Þeir sem vinna með gögn rannsóknarinnar eru bundnir trúnaði og þagnarskyldu. Einungis eru birtar heildar- niðurstöður úr rannsókninni og aldrei verður hægt að rekja svör við spurningum til einstakra þátttakenda.

Ef spurningar vakna um rannsóknina er þér velkomið að afla frekari upplýsinga hjá Hagstofunni í síma 528 1220.

Með bestu kveðjum og þökkum fyrir gott samstarf.



Ólafur Hjálmarsson
Hagstofustjóri